

272. fundur

Priðjudaginn 17. október 2017, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þessir sátu fundinn: Kristrún Mjöll Frostadóttir, formaður, Arnar Árnason, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Rögnvaldur Ólafsson, Jóhanna Hreinsdóttir, Þórólfur Geir Matthíasson, Dóra Sif Tynes og Októ Einarsson.

Arnar Freyr Einarsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður bauð nefndarmenn velkomna á fyrsta fund nýskipaðrar nefndar og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Hlutverk nefndar og væntingar til nefndarvinnunar

Almennar umræður um hlutverk nefndarinnar og áherslur komandi vetrar. Meðal umræðuefnda voru aukið gegnsæi við verðákvarðanir og endurskoðun verðlagsgrundvallar kúabús. Það líkan sem hefur verið lagt til grundvallar verðákvörðunum um lágmarksverð á mjólk til framleiðenda hefur lítið verið uppfært síðan 2001. Formaður lagði til að nú væri tækifæri til að endurskoða grundvöllinn og var rætt um hvernig best væri staðið að því. Jafnframt var rætt um verðlagningu ógerilsneyddrar mjólkur og annarra mjólkurvara á heildsölustigi. Ekkert ákveðið.

2. Verðlagslíkön

Stutt kynning á uppbyggingu verðlagsgrundvallar kúabús og vinnulíkaninu sem notað er við uppfærslu hans.

3. Öflun gagna og sérfræðingar

Umræða um gögn sem nauðsynleg eru fyrir endurskoðun verðlagsgrundvallar og mögulega aðkomu óháðra sérfræðinga í slíkri vinnu. Nefndin var upplýst um að Hagstofan vinnur nú að gerð búreikninga sem mun gefa nokkuð ítarlega mynd af rekstrarstöðu greinarinnar.

4. Skipulag næsta fundar og verklag

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn í nóvember og að til umfjöllunar verði verðlagning á heildsölustigi. Ákveðið að formaður í samvinnu við ANR, leggi meðal annars fram fyrir næsta fund: verðlagsgrundvelli fyrir mars, júní og september 2017, vinnulíkan verðlagsgrundvallar og minnisblað um verðlagningu á ógerilsneyddri mjólk.

Fleira var ekki tekið fyrir.

273. fundur

Föstudaginn 17. nóvember 2017 kl. 13:00, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Pessir sátu fundinn: Kristrún Mjöll Frostadóttir, formaður, Arnar Árnason, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Rögnvaldur Ólafsson, Jóhanna Hreinsdóttir, Þórólfur Geir Matthíasson, Dóra Sif Tynes og Októ Einarsson. Þá var einnig mættur Pálmi Vilhjálmsson frkv.stj. framleiðslusviðs MS.

Arnar Freyr Einarsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Lagt fram erindi SAM um efnainnihald til viðmiðunar á lágmarksverði mjólkur frá 19. janúar 2017. Samkvæmt 8. gr. Búvörulaga nr. 99/1993, skal Verðlagsnefnd búvöru ákvarða „lágmarksverð fyrir mjólk til framleiðenda sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi“. Lagt er til skilgreint efnainnihald, miðist við meðalinnihald mjólkur af fitu og próteini síðustu þrjú ár, sem skiptist svo, fita 4,10% og prótein 3,30%. Þá er lagt til að áfram verði miðað við 50% fitu og 50% prótein í útreikningi á lágmarksverði. Frá árinu 2000 hefur SAM reiknað út meðalinnihald mjólkur sem borist hefur til vinnslu, skv. samningi SAM og BÍ um vinnureglur og verkaskiptingu við framkvæmd 4., 5. og 10. kafla búvörulaga, og gert tillögu til Verðlagsnefndar um skilgreint efnainnihald. Fram kom á fundinum að samningurinn sem um ræðir er fallinn úr gildi og skal Verðlagsnefnd, lögum samkvæmt, ákvarða skilgreint efnainnihald. Ákveðið var að kannað yrði hvernig standa skuli lögformlega að ákvörðun um efnainnihald 1. flokks mjólkur, m.t.t. stjórnsýslulaga og hvort Verðlagsnefnd skuli taka til sjálfstæðrar skoðunar þau efnisatriði sem hafa áhrif á lágmarksverð mjólkur.
3. Lagt fram erindi SAM til upplýsingar um breytingu á gjaldskrá verðtilfærslu í mjólkuriðnaði. SAM hefur annast verðtilfærslu milli mjólkurafurða frá árinu 1993 og er framkvæmdin í samræmi við heimildarákvæði 4. mgr. 13. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Verðtilfærsla SAM byggir á gjaldskrá sem ákvarðar innheimtu verðtilfærslu við sölu á vörum á ákveðnum vörutegundum og greiðslu verðtilfærslu með sölu á ákveðnum vörum. Umræður áttu sér stað um lögmæti verðtilfærslu og hvort breyting á gjaldskrá fæli í sér skattlagningu. Jafnframt var rakið hvernig slíkum málum er háttað í Noregi og Bandaríkjunum. Hlé var gert á umræðum og ákveðið að taka fyrir á næsta fundi.
4. Lagðir voru fram þrjár síðustu verðlagsgrundvellir kúabús, mars 2017, júní 2017 og september 2017. Nefndarmenn voru upplýstir um að ANR og Hagstofa Íslands hafa gert með sér samning um skipulagða gagnasöfnun um rekstur helstu búgreina, þ.m.t. nautgriparæktar. Að svo stöddu liggur ekki fyrir hvenær gögn verða tilbúin fyrir nautgriparækt.
5. Heildsöluverðlagning – fundargestur Pálmi Vilhjálmsson (MS). Formaður bauð Pálma velkominn til fundar sem flutti erindi um ýmis málefni er snúa að mjólkuriðnaði og lagði fram samanteknar upplýsingar um heildsöluverð mjólkurvara frá árinu 1990 til

2017. Meðal efnistaka var viðmiðunarmódel vinnslu- og dreifingakostnaðar í mjólkuriðnaði, verðlagning á ógerilsneyddri hrámmjólk, fyrirkomulag í mjólkursókn og flutningsjöfnun, ferlið við verðlagningu mjólkur og mjólkurvara og ýmsar breytingar sem hafa orðið í mjólkuriðnaði á liðnum árum.

Farið var yfir forsendur viðmiðunarmódelis fyrir vinnslu- og dreifingakostnað, sem og ýmsa þætti sem litið hefur verið til þegar hækkunarþörf iðnaðarins hefur verið reiknuð, m.a. endurskoðaða rekstrarkostnaðarreikninga. Þá var farið yfir helstu hagræðingaraðgerðir sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum, sem vegið hefur upp á móti hækkunarþörf iðnaðarins. Jafnframt var nefndinni sýnd yfirlitsmynd yfir verðlagningarferli mjólkur og þau gögn sem nýtt eru til hliðsjónar verðlagningu.

Verðlagning á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli til vinnslu. Fram kom að árið 2014 var lögg. endurskoðandi fenginn til að leggja mat á kostnaðarhlutdeild við vinnslu ógerilsneyddrar mjólkur, sem lagði grunn að verðlagningu hennar. Þar var m.a. tekið tillit til kostnaðarliða sem falla til, s.s. mjólkurhráefni, hlutdeild í launakostnaði, flutningu og dreifingu og öðrum kostnaði, líkt og rannsóknnum, eftirliti, orkukostnaði og hlutdeild í föstum kostnaði. Þá kom fram að MS sinnir birgðahaldi og söfnun mjólkur og hafa samkeppnislega séð skyldum að gegna gagnvart stjórnvöldum og bændum um að safna mjólk, óháð landssvæðum og birgðastöðu. Farið var yfir fyrirkomulag mjólkursóknar í dag og áður fyrr, en áður fyrr sinntu bændur því hlutverki sjálfir. Í dag sinnir MS þessu hlutverki og hefur það skilað sér í hagkvæmari rekstri og nýtingu mjólkurbíla. Bændur greiða sjálfir, sama verð óháð landssvæði, fyrir söfnun mjólkur. Í dag er söfnunarkostnaður 4,7 kr./ltr. Þá var einnig hlaupið yfir verðþróun afurða og í heildsölu undanfarin ár.

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn í fyrri hluta desember.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:15.

274. fundur

Föstudaginn 12. desember 2017, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þessir sátu fundinn: Krístrún Mjöll Frostadóttir, formaður, Arnar Árnason, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Rögnvaldur Ólafsson, Jóhanna Hreinsdóttir, Þórólfur Geir Matthíasson, Dóra Sif Tynes og Októ Einarsson. Arnar Freyr Einarsson ritaði fundargerð.

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Lagt var fram lögfræðilegt álit, sem unnið var innan ráðuneytisins, um ákvörðun efnainnihalds sem 1. fl. mjólk skal miðast við (fita/prótein) og rannsóknarskyldu nefndarinnar. Frá árinu 2000 gildi samningur milli BÍ og SAM varðandi útreikning á efnainnihaldi mjólkur, en sá samningur er nú fallinn úr gildi. Nokkur óvissa hefur þó verið um stöðu samningsins og hver skuli ákveða efnainnihaldið. Í 1. mgr. 8. gr. búvörulaga kemur m.a. fram að „[Verðlagsnefnd ákveður ... ¹⁾ lágmarksverð fyrir mjólk til framleiðenda sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi [nema annað sé tekið fram í samningi milli [ráðherra] ²⁾ f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands]. Nýtt efnainnihald er reiknað í upphafi hvers árs, ef um breytingu er að ræða. Afurðastöð greiðir framleiðanda fullt verð fyrir 1. fl. mjólk innan greiðslumarks skv. gildandi verðskrá, skv. ákvörðun verðlagsnefndar. Skapast hefur sú venja að miða efnainnihald til viðmiðunar, við meðalefnainnihald mjólkur sl. þrjú verðlagsár. Í álitinu kemur fram að verðlagsnefnd sem stjórnarsýslunefnd skuli sjá til þess að mál séu nægilega upplýst áður en þau eru leitt til lykta. Telji nefndin þau gögn, sem fram eru komin frá SAM, nægja til þess að taka ákvörðun um málið, er ekki talin þörf á frekari rannsókn nefndarinnar á málinu og það sé nefndarinnar að meta hvort fyrirbyggjandi útreikningar um efnainnihald séu fullnægjandi. Í umræðum kom fram að ákveðið tómarúm er um hvernig skuli standa að ákvörðun um efnainnihald, þar sem fyrrgreindur samningur er fallinn úr gildi. Skera þarf úr um hvernig skuli standa að útreikningi efnainnihalds og hver taki samninginn yfir, eða hvort æskilegt væri að fastsetja skilgreint efnainnihald með reglugerð eða lagabreytingu. Fram kom að frá upphafi árs hefur mjólkuriðnaðurinn greitt afurðaverð í takti við tillögu SAM sem barst nefndinni 19. janúar 2017 um meðalefnainnihald (fita 4,10% og prótein 3,30%) og skiptingu lágmarksverðs eftir efnainnihaldi (50% eftir fitu og 50% eftir próteini). Tillaga SAM um efnainnihald var staðfest.
3. Verklagsreglur nefndarinnar. Ákveðið að nefndin setji sér verklagsreglur sem rammi inn og leiðbeini nefndinni við ferli verðákvæðana. Skrifuð verði drög að verklagsreglum innan ráðuneytisins sem síðar verði lögð fyrir nefndina fyrir frekari úrvinnslu.
4. Tekið fyrir erindi SAM frá 12. júní 2017 til upplýsingar um breytingu á gjaldskrá verðtilfærslu í mjólkuriðnaði. Erindið mótttekið.
5. Umræður um efni næstu funda og næstu skref.

Verðlagsgrundvöllur kúabús - Ákveðið að ræða við Hagstofu Íslands um möguleika á uppfærslu eða endurnýjun á verðlagsgrundvelli kúabús og þá aðkomu sérfræðinga Hagstofunnar við tilfærslu frá eldri grundvelli til hins nýja.

Heildsöluverðlagning - Þá var rætt um verðákvarðanir á heildsölustigi, rekstrarumhverfi mjólkuriðnaðarins og þau gögn sem hafa legið til grundvallar fyrri verðákvörðunum. Lagt var til að utanaðkomandi sérfræðingar yrðu fengnir til að gera úttekt á framlegð og rekstri mjólkuriðnaðarins og gera samanburð á viðlíka rekstri erlendis. Samþykkt var að að leitað yrði til sérfræðinga sem gætu tekið slíka úttekt að sér og óskað yrði eftir verklýsingu frá þeim sem tekur að sér verkefnið þar sem fram kæmi markmið og aðferðafræði úttektarinnar. Ákveðið að afgreiða mögulegt samstarf sérfræðinga og verklýsingu þegar hún liggur fyrir í tölvupósti og í framhaldinu yrði leitað til ráðherra eftir samþykki fyrir fjárveitingu verkefnisins.

Næsti fundartími ákveðinn síðar. Fleira ekki bókað.